

---

**FUNDARGERÐ**

**Fundur:** Raforkuhópur 2003-06  
**Fundartími:** Þriðjudagur 7. september 2003 kl. 13:30  
**Fundarstaður:** Orkustofnun, Grensásvegi 9  
**Fundarefni:** 1) Niðurstöður húshitunar- og jarðvarmaspár.  
2) Forsendur raforkunotkunar.  
3) Notkun stóriðju.  
4) Verkefni ársins 2004 og skipulag starfsins í nýju umhverfi.  
5) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Guðmundur Guðmundsson  
Sigurður Ágústsson  
Ólafur Pálsson  
Agnar Árnason  
Ólöf Nordal

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson  
Ingvar Baldursson

- 1) JV dreifði töflum þar sem fram kemur hluti orkugjafa í hitun húsnæðis og töflu um orkunotkun til húshitunar samkvæmt uppkasti að nýrri jarðvarmaspár. Fundarmönnum fannst hlutur jarðvarma orðinn nokkuð mikill í lok spátímabilsins eða rúm 92%.
- 2) IB fór yfir forsendur raforkuspár og dreifði töflu með nýjum og eldri forsendum. Rætt var um aukna notkun heimil á undanförunum árum. Talið var að rafknúnir heitir pottar, brauðvélar, rafmagnsgrill og aukin tækjæign gætu kallað á aukna notkun en tækniframfarir gætu á móti minnkað notkunin svo sem varðandi sjónvörp og tölvur. Notkun frysta var talin fara minnkandi. Einnig var nefnt að fjöldi íbúa á heimili færi minnkandi. GG benti á að með markaðsvæðingu gæti notkun aukist vegna þess að meiri áhersla yrði á að selja raforku. Ákveðið var að miða við að notkun á heimili færi heldur vaxandi.

Ákveðið var að gera áfram ráð fyrir nokkurri útbreiðslu rafbíla og var JV og IB falið að lagfæra þær forsendur.

GG taldi að eina fiskimjölsverksmiðjan sem væri líkleg til að fara yfir á raforku væri á Siglufirði samhliða göngum þangað. Raufarhöfn taldi hann ekki koma til greina þar sem engin endurnýjun væri í þeirri verksmiðju.

GG spurði hvort ekki væri úrelt að skipta þjónustu í opinbera og einkaþjónustu. JV ætlar að skoða þá skiptingu. Einnig benti hann á að vinnsla og sölustarfsemi ætti að fara út úr flokknum veitur. JV benti á að þá þyrfti að breyta skilgreinungum í notkunarflokkunum.

- 3) ÓN ætlar að senda JV gögn um notkun stóriðju.
- 4) Fundarmenn ítrekuðu að huga þyrfti að skipulagi hópsins í nýju umhverfi sbr. raforkulög.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 4. nóvember 2003.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Niðurstöður húshitunarspár. (JV)
- Tölur um skiptingu hitaðs húsrýmis á orkugjafa. (JV)
- Tafla með forsendum raforkuspár 1997 og tillögum að nýjum forsendum. (JV)

Farið var yfir á heimasíðu Orkuspárnefndar:

- Myndir um þróun raforkunotkunar. (JV)